



## Stjórnarfundur AKÍS

**Staður og tími:** Google Hangouts - 5. maí 2015 kl. 18:00

**Mætt:**

Ragnar Róbertsson (RR), Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Þórður Bragason (ÞB), Þrándur Arnþórsson (ÞA), Gunnar Bjarnason (GB), Ari Jóhannesson (AJ), Tryggvi Magnús Þórðarson (TMP), Jón Bjarni Jónsson (JBJ), Brynjar Gauti Schiöth (BGS), Einar Gunnlaugsson (EG)

**Fjarverandi:**

Guðbergur Reynisson (GR)

ÞA ritaði fundargerð.

**1. Auglýsingar á heimasíðu**

Ákveðið að stjórn vinni frekar í samningsdrögum þeim sem lögð voru fram. Formanni falið að senda út drög til stjórnar á Word formi. Stefnt skal að því að ganga frá fyrsta samningi í þessum mánuði.

**2. Ferðamannaiðnaðurinn og akstursíþróttir**

Stjórn fól formanni og framkvæmdastjóra að leita útskýringa viðkomandi ráðuneyta og eða lögreglustjóra eins og við á og leggja svörin fyrir stjórnarfund svo fljótt sem auðið er.

**3. Fundur með Hafnarfjarðarbæ 15. apríl 2015**

AKÍS átti góðan fund, en stuttan, með fulltrúum Hafnarfjarðarbæjar um málefni akstursíþróttar. Umræðupunkta frá fundinum má sjá [hér](#).

**4. Viðurkenningar í nafni AKÍS**

Stjórn viðurkennir að undir ákveðnum kringumstæðum þurfi formaður að bregðast skjótt við í slíkum málum og nái ekki til allra stjórnarmanna áður en bregðast þarf við. Áréttu skal að gerist slíkt þá verði stjórn látin vita svo skjótt sem auðið er.

**5. Skráningarskírteini keppnisbifreiða**

Samþykkt, utan að skráningarskírteinið muni verða í bókarformi. Búa til frumgerð og senda á stjórn.

**6. Tryggingar tækja sem ekki eru skráð hjá Samgöngustofu**

Þann 29. maí 2015 kom loksins staðfesting þess að flest tryggingarfélög byðu uppá frjálsa ábyrgðartryggingu fyrir tæki sem ekki eru skráð hjá Samgöngustofu og þannig var hægt að uppfylla skilyrði reglugerða 507/2007 með áorðnum breytingum.



Í ljós hefur komið öll tryggingarfélögin eru tilbúin að bjóða uppá slíkar tryggingar sé viðkomandi keppandi þar í viðskiptum.

Framkvæmdastjóra falið að athuga hvort tryggingar svæða séu að breytast, en það ætti að vera óbreytt.

## 7. Drónar

Fyrstu drög að [reglum um dróna voru samþykktar og er hægt að skoða hér](#).

## 8. Brautarumsagnir

Brautarumsagnir fyrir svæði KK, AÍH og BA munu send á viðkomandi lögreglustjóra, aðildarfélög og tenglar héðan frá.

## 9. Skráningarnúmer raunverulegra rallbifreiða

Rallyráð [lagði fram lista](#) yfir þær rally bifreiðar sem þeir hafa upplýsingar um.

Framkvæmdastjóri sendir þann lista áfram til Samgöngustofu og Ríkislögreglustjóra.

## 10. Goodwood festival of speed 2015

Guðbirni Grímssyni hefur verið boðið að taka þátt í sýningu með torfærubifreið sína. Þetta er í fyrsta sinn sem Íslendingi (svo fremi vitað sé) er boðið að koma á Goodwood.

## 11. AKÍS tilgreint í kreditlista í upptökum

Stjórn AKÍS samþykkir að ítreka við þá aðila sem heimild hafa fengið til upptöku að eitt af skilyrðum fyrir því að fá heimildina var að nafn AKÍS skuli koma fram í kreditlista.

## 12. Raunfundur á Akureyri - væntanleg mæting

Fundurinn verður mánudaginn 15. júní. Tími miðaður við hentugt flug fram og til baka. Á þessum tímapunkti virðist sem allir stjórnarmenn muni mæta.

## 13. Akstur stjórnar og framkvæmdastjóra á aksturskeppnum

Að gefnu tilefni þá skal það ítrekað að stjórn og framkvæmdastjóri gæti þess að komi til þess að einhver þeirra fái að prófa keppnistæki, þá skuli sá ávallt sitja spenntur og með hjálm, kveði reglur á um það.

## 14. Önnur mál

Fleira ekki tekið fyrir og fundi lokið kl. 19:04.